

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

791. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 21. maí 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Velferðarvaktarinnar.
2. Bréf Guðna Þórs Ólafssonar.
3. Bréf Haraldar Ægis Guðmundssonar og Hörpu Þorvaldsdóttur.
4. Fjárhagsbókhald – 1. Ársfjórðungur.
5. Viðræður við fulltrúa ungmennaráðs og íþróttá- og tómsfundafulltrúa.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Velferðarvaktarinnar þar sem sveitarfélög á Íslandi eru hvött til að setja sér fjölskyldustefnu og áætlun um framkvæmd hennar. Samþykkt að vísa bréfinu til skoðunar fjölskyldusviðs.
2. Bréf samstarfshóps um heimsóknarþjónustu í Húnaþingi vestra lagt fram en þar er óskað eftir fjárstuðningi við starf hópsins á sl. vetri. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 50.000
3. Bréf Haraldar Ægis Guðmundssonar og Hörpu Þorvaldsdóttur lagt fram. Í bréfinu er kynnt hugmynd þeirra um menntun og menningaruppeldi – Opin tónlistarstund barna og unglunga. Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar fjölskyldusviðs. Skúli Þórðarson sveitarstjóri vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar.
4. Fjárhagsbókhald – 1. Ársfjórðungur. Í samræmi við nýsettar reglur um gerð fjárhagsáætlunar og eftirlit með fjárreiðum sveitarfélagsins lögðu sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs fram yfirlit um stöðu fjárhagsbókhalds á 1. ársfjórðungi ársins 2013. Rekstur fyrsta ársfjórðungs er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.
5. Viðræðum við fulltrúa ungmennaráðs og íþróttá- og tómsfundafulltrúa frestað til næsta fundar byggðarráðs.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Fram lagt erindi Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur þar sem óskað er eftir því að Húnaþing vestra taki þátt í kostnaði við girðingarframkvæmdir og viðhald á landamerkjum Engjabrekku og Þorgrímsstaða. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga um fyrirhugaða framkvæmd og áætlaðan kostnað vegna framkvæmdarinnar.
7. Fram lagður endurnýjaður samningur milli Indriða Karlssonar og Húnaþings vestra um leigu á tünnum og beitarlandi jarðarinnar Ytri-Valla. Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra undirritun hans.
8. Framlögð drög að samningi milli eigenda Tangahúss og Húnaþings vestra um leigu tjaldsvæðisins á Borðeyri sumarið 2013. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.
9. Fram lagt erindi Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurðar Þórs Ágústssonar kt. 291077-3909 um leyfi til að reka gististað í flokki I (heimagisting) að Mörk, 531 Hvammstangi. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

10. Sveitarstjóri kynnti ráðningu Marteins Óla Reimarssonar í starf vélamanns við áhaldahús.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:06

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson